

Snakkur sýgur ær

Written by Strandagaldur

Wednesday, 09 November 2005 23:33

Annar maður fór að fylgja fé sínu sjálfur vegna þess undirflog gjörðust tíð hjá honum. Sá hann hvar snakkur kom í fé sitt og lofaði hann honum að sjúga sem hann vildi og elti hann síðan mjólkurfullan og seinfæran heim á búrglugga konu nokkurrar. Var konan að strokka. Þegar á gluggann kom kallaði tilberinn: „Af munnagjörðina, mamma." Ældi hann síðan hinni stolnu mjólk gegnum gluggann ofan í strokkinn, steypti sér sjálfum á eftir inn um gluggann og skauzt upp undir konuna, og tók maðurinn hann þar.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar,

I. bindi, bls. 421

(eftir handriti Skúla Gíslasonar prests,

frásögn Páls Ólafssonar)